

HVERNIG MIÐLA SKAL UPPLÝSINGUM UM NORÐURSTRANDARLEIÐ – ARCTIC COAST WAY

VÖRUMERKJAHANDBÓK



EFNISYFIRLIT



INNGANGUR



REGLUR UM NOTKUN



**ÍSLENSKA LOFORDIÐ
(„ICELANDIC PLEDGE“)**



**SKILGREINING
VÖRUMERKISINS**



MARKHÓPAR



ÞEMU OG UPPLIFUN



**SJÓN RÆN NOTKUN
VÖRUMERKISINS**



RADDBLÆR
Slagorð | Orðalag

Notkun kennimerkis | Litapallettur | Myndefni
Leturgerð | Ljósmyndir

1. HLUTI

INNGANGUR



INNGANGUR

Norðurstrandarleið leiðir ferðalanga um 900 km leið meðfram norðurströnd Íslands þar sem upplifa má fjölbreytt landslag og margbreytilegt mannlíf í 17 sveitarfélögum, 21 bæ og um hundrað fyrirtækjum.


Vörumerkishandbókin fyrir Norðurstrandarleið er ætluð sem vegvísir um framsetningu Norðurstrandarleiðar. Hún skilgreinir samræmt útlit og raddblæ sem gefa skýra mynd af einkennum vörumerkisins og sérkennum Norðurstrandarleiðar sem gera hana auðþekktanlega um allan heim. Öflugt vörumerki skapar „geislabaugshrif“ og leiðir ferðalanga eftir Norðurstrandarleiðinni til að upplifa mannlífið á hverjum stað.

Markmiðið með þessari handbók fyrir Norðurstrandarleið er eftirfarandi:

1. Að leiðbeina þjónustuaðilum og ferðaskrifstofum á innanlands- og alþjóðamarkaði um hvernig nota skal vörumerkið.
2. Að veita yfirsýn yfir skilgreiningu vörumerkis okkar, sérstöðu þess og markhóp okkar. Þessi þekking mun gagnast við gerð, framsetningu og miðlun markaðsefnis okkar.
3. Að veita aðstoð við gerð markaðsefnis sem fellur undir Norðurstrandarleið og hjálpa meðlimum og samstarfsaðilum að tengjast vörumerkinu.

2. HLUTI

REGLUR UM NOTKUN



HVERNIG NOTA Á VÖRUMERKIÐ NORÐURSTRANDARLEIÐ / ARCTIC COAST WAY

Settar hafa verið saman reglur sem gefa betri skilning á því hvernig nota skal vörumerkið Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way. Til að viðhalda gæðum vörumerkisins í þágu allra sem nota það í sínum rekstri eru Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way og kennimerki hennar skráð vörumerki. Viðurkenndum samstarfsaðilum í ferðaþjónustu er heimilt að nota Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way í markaðsefni sínu. Til að fá frekari upplýsingar um Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way skal hafa samband við:

Markaðsstofa Norðurlands
info@arcticcoastway.is
Sími: 462 3300

Viðskiptareglur

Öllum sem notast við heitið Norðurstrandarleið/ Arctic Coast Way í sínum rekstri ber að fylgja viðskiptareglunum, en þær hafa að markmiði að standa vörð um trúverðugleika vörumerkis Norðurstrandarleiðar og tryggja að við stöndum við þau fyrirheit sem við gefum gestum okkar (sjá 3. kafla).

1. Aðild fyrir viðurkennda samstarfsaðila í ferðaþjónustu á Norðurstrandarleið. Ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurstrandarleið sem uppfylla skilyrði geta gerst meðlimir. Einungis meðlimum er heimilt að eiga viðskipti undir skrásetta vörumerkinu Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way. Þeir sem uppfylla skilyrði fyrir aðild eru:

- | | |
|-------------------|---------------------------|
| a. Rekstraraðilar | d. Söfn og sýningar |
| b. Gististaðir | e. Hátíðir og viðburðir |
| c. Veitingaaðilar | f. Sveitar- og bæjarfélög |

Vinsamlegast kynnið ykkur skilyrði fyrir aðild og upplýsingar um hvernig taka má þátt í verkefninu á vefsíðu Markaðsstofu Norðurlands.

2. Viðskiptareglur fyrir ferðaþjónustufyrirtæki sem eru staðsett utan Norðurstrandarleiðar (innanlands og erlendis). Skilgreindar eru viðskiptareglur fyrir íslenska ferðaþjónustuaðila, ferðaskrifstofur og erlenda rekstraraðila sem eru ekki staðsettir á Norðurstrandarleið.

Nálgast má viðskiptareglurnar með því að hafa samband við okkur á netfangið info@arcticcoastway.is

3. HLUTI

ÁBYRG FERÐAHEGÐUN



ÁBYRG FERÐAHEGÐUN

Norðurstrandarleið býður gesti velkomna í ógleymanlega ævintýraferð um óspillt náttúrulegt umhverfi eftir strandlengju Norðurlands. Til að tryggja að leiðin verði áfram ævintýri fyrir ferðamenn, fyrirbyggja hættu og varðveita óspillta náttúrufegurð svæðisins hvetjum við gesti okkar, samstarfsaðila og öll fyrirtæki sem nota kennimerkið Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way til að upplýsa gesti sína um ábyrga ferðahegðun frá Inspired by Iceland.

Samþykktu ábyrga ferðahegðun hér:
www.inspiredbyiceland.com/icelandicpledge/



ÉG LOFA AÐ FERÐAST UM LANDIÐ MEÐ ÁBYRGUM HÆTTI.

**ÞEGAR ÉG KANNA NÝJA STAÐI
MUN ÉG SKILJA VIÐ ÞÁ EINS OG ÉG KOM AÐ ÞEIM.**

**ÉG MUN EKKI LEGGJA LÍF OG LIMÍ Í HÆTTU
TIL AÐ NÁ FULLKOMINNI MYND.**

**ÉG MUN HALDA Á VIT HINS ÓÞEKKTA
ÁN ÞESS AÐ AKA UTAN VEGA.**

ÉG MUN EINGÖNGU LEGGJA ÞAR SEM ÞAÐ MÁ.

**ÉG MUN EINGÖNGU TJALDA
Á VIÐURKENNDUM TJALDSTÆÐUM.**

**ÞEGAR NÁTTÚRAN KALLAR
MUN ÉG EKKI LÁTA NÁTTÚRUNA TAKA VIÐ ÞVÍ.**

**ÉG VERÐ VIÐBÚIN(N) ÖLLUM VEDRUM,
MÖGULEIKUM OG ÆVINTÝRUM.**

4. HLUTI

FYRIRHEIT VÖRUMERKISINS




NORÐURSTRANDARLEIÐ - ARCTIC COAST WAY

FYRIRHEIT VÖRUMERKISINS

Norðurstrandarleið var þróuð með það fyrir augum að samræma vöru- og þjónustuframboð fyrir ferðamenn á norðurströnd Íslands. Þar sem leiðin liggur um Norðurland heyrir hún undir kjarnagildin „kyrrð, orka og töfrar“ sem voru valin á ráðstefnunni „Ímynd Norðurlands“.

Vörumerkið var þróað með áherslu á upplifun og fyrirheitin (sjá pýramíðann hér til hægri) eru ætluð sem hjálpartæki til að tryggja samræmi og trúverðugleika í samskiptum og hjálpa til við að þróa upplifanir á Norðurstrandarleið sem gæða vörumerkið lífi (sjá einnig 4. hluta).

Í pýramíðanum fyrir vörumerkið eru talin upp þau atriði sem í sameiningu mynda fyrirheit vörumerkisins Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way, með áherslu á tilfinningalegan ávinning fyrir gesti okkar (sjá bls. 13).



LOFORÐ TIL OKKAR VIÐSKIPTAVINA


Norðurstrandarleið á nyrstu töngum Íslands heillar gesti sína með ósnortinni náttúru, stórbrotnu landslagi og víðernum milli fjalls og fjöru sem einna helst virðast tilheyra annarri veröld.

Hér myndar gesturinn tengsl við ósvikin sjávarþorp og íbúa þeirra sem eiga sér sögur af lífsháttum á mörkum hins byggilega heims, í næsta nágrenni við sjálfan heimskautsbauginn.

Þetta land kemur á óvart með síbreytilegum blæbrigðum fjarræns friðar og rósemi, ótaminnar orku og töfrabjarma hverrar árstíðar fyrir sig.

Að ferðalokum er gesturinn endurnærður og líf hans auðgað af minningum um þessar stórbrotnu töfraslóðir.

ÁFANGASKIPTING LEIÐARINNAR



STRÖND ÍSLENDINGASAGNA OG GOÐAFRÆÐI

Vesturhluti Norðurstrandarleiðar einkennist af mikilúðlegri strandlengju og háum fjöllum. Á þessum slóðum er víða að finna fjölskrúðugt dýralíf þar sem helstu einkennistegundir eru selir og fuglar. Hér eru helstu heimkynni íslenska hestsins og fjölbreyttur vettvangur þjóðsagna, Íslendingasagna, goðsagna og sögulegra viðburða. Hér er gengið í fótspor liðinna alda, á vit uppsafnaðra minninga kynslóðanna.

STRÖND SJÁVARÞORPA OG STERKRAR ARFLEIFÐAR

Mitt í hjarta Norðurstrandarleiðar er strandlengja rík af menningu og iðandi starfsemi. Hér er höfuðborg Norðurlands, ásamt fjölda sjávarþorpa og allar þessar byggðir eru samtengdar með stórfenglegum leiðum meðfram bröttum fjallshlíðum, fjörðum, hraunbreiðum og jarðgöngum. Hér eru einnig áætlanarsiglingar til Hríseyjar og út í Grímsey, þar sem hægt er að fara yfir heimskautsbauginn.

STRÖND ÓSPILLTRAR NÁTTÚRU

Hér umbreytist hinn hefðbundni ferðamaður í ósvikinn könnuð sem ferðast um þetta hrífandi og dularfulla landslag sem tekur svo gagngerum breytingum með hverri árstíð – allt frá sumardvöl milljóna farfugla, til tómleika, myrkurs og órofa kyrrðar vetrarins. En hver sem árstíð heimsóknar þessar kann að vera, kynnist þú djúpri friðsæld, einveru og íhugun sem sprottin er af víðáttu útsýnis og bergmáli af fótataki náttúru og sögu.

SKILGREINING VÖRUMERKISINS

Vörumerkið okkar byggir á sérstöðu Norðurstrandarleiðar. Hér er lögð megináhersla á þætti sem aðskilja Norðurstrandarleið frá öðrum ferðaleiðum og áfangastöðum.

Norðurstrandarleið snýr baki við troðnum slóðum og beinir ferðamanninum inn á hið fáfarna og afskekktu – að kanna norðurströnd Íslands í næsta nágrenni við heimskautsbauginn.

Norðurstrandarleið býður ferðamönnum að gerast könnuðir – ferðast á vit ævintýra og hins óþekkta. Þeir sem velja Norðurstrandarleið yfirgefa hringveginn og kanna slóðir sem flestir fara á mis við. Mjóir og krókóttir vegir – oft malarvegir – liðast um sex skaga; einn þeirra er óbyggður og á þremur er aðeins að finna fáein bændabýli og smáþorp. Hér gefast ótal tækifæri til að komast út fyrir rammann og finna frelsið.

Norðurstrandarleið snýst ekki einvörðungu um akstur; hún býður ferðamanninn velkominn með sögum og upplifunum í hverri beygju og á hverri hæð. Norðurstrandarleið hvetur gesti til að gleyma sér í óspilltu náttúrulegu umhverfi, njóta orkustreymisins og taka þátt í daglegum viðburðum, allt frá notalegum ævintýraferðum til krefjandi könnunar og upplifunar um leið og þeir kynnast náttúrulegum vettvangi villtra dýra og fugla.


Norðurstrandarleið myndar samband við annars konar lífshætti, tengda hafi og norðlægri búsetu. Smáþorp og fiskislóðir hafa einkennt þessa strönd allt frá dögum víkinga. Hér má finna andstæður daglegs lífs í afskekktum sjávarþorpum til iðandi mannlífs í höfuðstað Norðurlands.

Norðurstrandarleið býður okkur að slaka á og anda rólega við aðstæður sem henta einkar vel þeim sem kunna að njóta hressandi útivistar og gleðjast í hvert skipti sem staldrað er við milli ákvörðunarstaða – eða þegar óvæntar tafir verða sökum veðurs. Hér má finna frelsið sem fylgir því að anda í takt við vind og öldur um leið og hlustað er á sögur fólksins á staðnum.

Norðurstrandarleið, með sína 900 kílómetra sem bíða skoðunar og könnunar, er síkvik og breytileg. En svona ferðalag lýtur ekki mælistiku-fjarlægðar, heldur birtist í óvæntum augnablikum sem verða til þess að gestirnir vilja helst koma aftur og aftur. Dramatísk sveifla birtunnar frá miðnætursól til norðurljósa og litróf árstíðanna, allt frá mjallhvítu fannfergi vetrarins til litríkra blæbrigða ilmandi haustgróðursins býður upp á nýja upplifun hverju sinni, með óvæntum ævintýrum og nýjum sögum.

5. HLUTI

MARKHÓPAR



MARKHÓPAR

Skilgreining markhópa fyrir Norðurstrandarleið byggist á rannsóknum Íslandsstofu á markhópum fyrir Ísland að teknu tilliti til aðstæðna og staðháttanna á norðurströndinni.

NORÐURSTRANDARLEIÐIN HENTAR EKKI ÖLLUM!

Hún hentar þeim sem vilja gjarnan losna úr viðjum almennu ferðamannastaðanna og ferðast í anda ævintýra og könnunar.

Hún hentar þeim sem eru reiðubúnir til að takast á við ósnortna náttúru og afskekkt svæði á nyrstu oddum Íslands.

Hún hentar þeim sem kunna að meta hægán lífsstíl sem hjálpar þeim að tengjast náttúru, menningu og fólki.

Hún hentar þeim sem vilja ferðast sjálfstætt eða í litlum hópum.

Hún hentar þeim sem ferðast um heiminn til að upplifa eitthvað öðruvísi.

Íslandsstofa hefur skilgreint þrjá markhópa fyrir Ísland:

- Sjálfstæði landkönnuðurinn
- Lífsglaði heimsborgarinn
- Makindalegi menningarvitinn

(Nálgast má ítarlegri upplýsingar hér: www.islandsstofa.is/media/1/grunnstodir-enska-sept-2018.pdf)

MARKHÓPAR

Sem áfangastaður eru hin fjölbreyttu svæði Norðurstrandarleiðar þegar undir það búin að taka á móti öllum þessum markhópum, en ekki öllum að sama marki.



AÐALMARKHÓPURINN:

Sjálfstæði landkönnuðurinn

- Á aldrinum 35–65 ára
- Byr í smærri borg eða bæ og er með menntun og tekjur í meðallagi
- Jarðbundinn, ábyrgur og skynsamur.
- Sækist eftir ósvikinni upplifun og vill ferðast utan alfaraleiðar.
- Vill stunda útivist og kynnst menningu áfangastaðarins.
- Hefur frekar tilhneigingu til að vera innhverfur og hefur ekki sérstaka þörf á að eiga samskipti við fólk á samfélagsmiðlum.
- Kýs að ferðast í smærri hópum og vill geta farið í frí á öllum tímum ársins.

Samkvæmt markaðsrannsóknnum eru helstu markaðssvæðin:

- Bandaríkin
- Bretland
- Þýskaland
- Holland
- Frakkland
- Sviss
- Ítalía
- Spánn
- Ísland

6. HLUTI

ÞEMU OG UPPLIFUN



ÞEMU OG UPPLIFUN

Ferðamennskan í heiminum er að breytast og ferðamenn láta sér ekki lengur nægja að hafa komið á tiltekinn áfangastað, heldur vilja þeir tengjast staðnum, eiga samskipti og leita að einhverju einstöku. Í stuttu máli vilja þeir upplifa eitthvað eftirminnilegt.

Norðurstrandarleið er skipulögð sem ferðaleið og leiðir ferðamanninn eftir strandlengju Norðurlands. Það eru hins vegar upplifanirnar á Norðurstrandarleið sem fá ferðamanninn til að nema staðar og uppgötva undursemdir svæðisins með því að verja meiri tíma utan bílsins en innan hans.

Norðurstrandarleið gefur gestum sínum fyrirheit og kallar fram ótal mismunandi

tilfinningar. Það sem ferðamaðurinn upplifir á leiðinni, meðal annars í samskiptum við heimamenn, getur síðan af sér sögurnar sem ferðamaðurinn segir vinum og vandamönnum þegar heim er komið.

Við vinnum út frá fjórum „þemum“ sem undirstrika sérstöðu og ósvikinn styrkleika Norðurstrandarleiðar. Nota skal þau sem viðmið til að skapa nýja upplifun í anda Norðurstrandarleiðar.

Þessi fjögur þemu eru:

- 1. Við heimskautsbauginn**
- 2. Útivist og útilíf**
- 3. Dýralíf við heimskautsbaug**
- 4. Strandmenning og matur**

Svokallaðar „hetjuupplifanir“ eru framúrskarandi upplifanir sem mæta kröfum markhópa, höfða til nýrra gesta og gera þeim kleift að kynnast undrum Norðurstrandarleiðar á einstakan hátt.

„Hetjuupplifanir á Norðurstrandarleið“ þurfa að fara í gegnum sérstakt umsóknarferli og eru þróaðar í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands.

Hægt er að óska eftir verkfærakistunni fyrir ferðabjónustuaðila til að þróa upplifanir á Norðurstrandarleið með því að hafa samband við okkur á netfangið: info@arcticcoastway.is

7. HLUTI

SIJÓNRAEN NOTKUN VÖRUMERKISINS




HVER MÁ NOTA KENNIMERKIÐ?

1. Meðlimir mega nota kennimerkið til að sýna að þeir séu aðilar að Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way í markaðsefni sínu. Hins vegar má eingöngu nota kennimerkið fyrir ferðir/vörur/upplifun sem vekur sérstaklega athygli á strandlengjunni (sjá skilyrði fyrir aðild).
2. Innlendum og erlendum ferðaskrifstofum er heimilt að nota kennimerkið Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way ef þeir fylgja starfsreglum fyrir ferðir á Norðurstrandarleið.
3. Kennimerkið fyrir „Hetjuupplifanir á Norðurstrandarleið“ er eingöngu ætlað fyrir tiltekna upplifanir á vegum fyrirtækja sem Markaðsstofa Norðurlands hefur valið og hafa uppfyllt skilyrði með því að fara í gegnum þróunarferlið fyrir hetjuupplifanir.
4. Kennimerkið fyrir „Bragð af Norðurstrandarleið“ er eingöngu í boði fyrir veitingaaðila sem eru meðlimir í Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way, hafa uppfyllt skilyrði með því að taka þátt í verkefninu „Bragð af Norðurstrandarleið“ og fylgja reglum þess.

Ef þú vilt nota kennimerkið
Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way
skaltu hafa samband við okkur á:
info@arcticcoastway.is

NOTKUN KENNIMERKIS



TUNGUMÁLAÚTGÁFUR KENNIMERKISINS

Kennimerkið fyrir Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way er í boði á tveimur tungumálum, ensku og íslensku. **Enska útgáfan, þar sem Arctic Coast Way er í stærri leturgerð, er ætluð fyrir erlenda markaði. Íslenska útgáfan, með Norðurstrandarleið í stærra lettri, er ætluð fyrir innlendan markað.**



Skráarheiti
ACW_Logo_eng_cmyk
ACW_Logo_eng_rgb

Skráarheiti
ACW_Logo_isl_cmyk
ACW_Logo_isl_rgb

KENNIMERKIÐ FYRIR HETJUUPPLIFANIR

Kennimerkið fyrir „Hetjuupplifanir á Norðurstrandarleið“ er eingöngu ætlað fyrir tiltekna upplifanir á vegum fyrirtækja sem Markaðsstofa Norðurlands hefur valið og hafa uppfyllt skilyrði með því að taka þátt í þróunarferlinu fyrir hetjuupplifanir.



Skráarheiti
ACW_Logo_hero_eng_cmyk
ACW_Logo_hero_eng_rgb

Skráarheiti
ACW_Logo_hero_isl_cmyk
ACW_Logo_hero_isl_rgb

KENNIMERKIÐ FYRIR BRAGÐ AF NORÐURSTRANDARLEIÐ

Kennimerkið fyrir „Bragð af Norðurstrandarleið“ er eingöngu í boði fyrir þá veitingaaðila sem eru meðlimir í Norðurstrandarleið, hafa uppfyllt skilyrði með því að taka þátt í verkefninu „Bragð af Norðurstrandarleið“ og fylgja reglum þess.



Skráarheiti
ACW_Logo_taste_eng_cmyk
ACW_Logo_taste_eng_rgb

Skráarheiti
ACW_Logo_taste_isl_cmyk
ACW_Logo_taste_isl_rgb

LÁGMARKSSTÆRÐIR

Meðfylgjandi eru útskýringar sem sýna lágmarksstærðir. Þær eiga einnig við um merkin fyrir Hetjuupplifanir og Bragð af Norðurlandi.

Venjulegar útgáfur kennimerkisins

Minnsta stærðin fyrir kenni-merkisins er 3 cm á breidd.



Skráarheiti
ACW_Logo_eng_cmyk




Skráarheiti
ACW_Logo_isl_cmyk


Litlar útgáfur kennimerkisins

Litlar útgáfur kennimerkisins eru hannaðar fyrir reiti sem eru minna en 3 cm á breidd, **en merkið má þó aldrei vera minna en 19mm.**

Heiti myndskrána með þessum kennimerkjum enda á „small“.



Skráarheiti
ACW_Logo_eng_cmyk_small



Skráarheiti
ACW_Logo_isl_cmyk_small

GRÁTÓNA TUNGUMÁLAÚTGÁFUR KENNIMERKIS

Meðfylgjandi eru útskýringar sem sýna lágmarksstærðir. Þær eiga einnig við um merkin fyrir Hetjuupplifanir og Bragð af Norðurlandi.

Venjulegar útgáfur kennimerkisins

Minnsta stærðin fyrir kennimerkið er 3 cm á breidd.



Skráarheiti
ACW_Logo_eng_greyscale



Skráarheiti
ACW_Logo_isl_greyscale

Litlar útgáfur kennimerkisins

Litlar útgáfur kennimerkisins eru hannaðar fyrir reiti sem eru minna en 3 cm á breidd, **en merkið má þó aldrei vera minna en 19mm.**

Heiti myndskrána með þessum kennimerkjum enda á „small“.



Skráarheiti
ACW_Logo_eng_greyscale_small



Skráarheiti
ACW_Logo_isl_greyscale_small

1C LITSNÚNAR TUNGUMÁLAÚTGÁFUR KENNIMERKIS

Meðfylgjandi eru útskýringar sem sýna lágmarksstærðir. Þær eiga einnig við um merkin fyrir Hetjuupplifanir og Bragð af Norðurlandi.

Venjulegar útgáfur kennimerkisins

Minnsta stærðin fyrir kennimerkið er 3 cm á breidd.



Litlar útgáfur kennimerkisins

Litlar útgáfur kennimerkisins eru hannaðar fyrir reiti sem eru minna en 3 cm á breidd, **en merkið má þó aldrei vera minna en 19mm.**

Heiti myndskrána með þessum kennimerkjum enda á „small“.



AUTT BIL UMHVERFIS KENNIMERKIÐ

Til þess að kennimerkið hafi tilskilin áhrif er mikilvægt að staðsetja það rétt. Allar útgáfur kennimerkisins skulu vera með auðu bili sem nemur að lágmarki hæð bókstafsins A að ofan og neðan og auðu bili sem nemur að lágmarki tvöfaldri hæð bókstafsins A til beggja hliða. Gráa svæðið sýnir svæði sem á að vera laust við allan texta og myndefni.



NOTKUN KENNIMERKIS: SAMSETNING KENNIMERKJA

1. Kennimerkið Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way skal alltaf standa fremst.

2. Gæta verður þess að nægilegt autt bil sé umhverfis kennimerkið (sjá næstu síðu á undan)

3. Efri brún kennimerkjaraðar skal vera í sömu hæð.

4. Ekkert kennimerkjanna skal fá meira vægi en hin.



NOTKUN KENNIMERKIS: SAMSETNING KENNIMERKJA



Norðurstrandarleið



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



Norðurstrandarleið



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



Norðurstrandarleið



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

UPPBYGGINGARSJÓÐUR



Norðurstrandarleið



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

RÖNG NOTKUN



LITAPALLETTUR - AÐALLITIR

Aðallitirnir fylgja litunum í kennimerkinu Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way. Þeir tákna kjarna Norðurstrandarleiðar (sjá pýramíðann fyrir vörumerkið í 3. kafla) þar sem kalt og blátt hafið mætir landi í ysta norðri þar sem dæmigerður gróður er mosi, skófir og gras.



CMYK 100,20,0,50
RGB 0,86,129
#005681



CMYK 20,0,87,33
RGB 129,146,5
#819105

LITAPALLETTUR - AUKALITIR

Aukalitirnir eru sóttir úr litrófinu sem strandlengja Norðurlands býður upp á allt árið um kring.

#Í nágrenni við heimskautsbaug


Úrval blárra lita stendur fyrir síbreytilega liti Norðurishafsins og ískalt loftið á vetrardögum.



CMYK 38,0,18,0
RGB 170,217,217
#aad9d9



CMYK 70,40,25,10
RGB 83,125,153
#537d99



CMYK 80,20,20,0
RGB 0,153,188
#0098bc



CMYK 80,28,40,12
RGB 39,129,138
#27818a



CMYK 100,70,50,55
RGB 9,46,64
#092e40



AUKALITIR

Aukalitirnir eru sóttir úr litrófinu sem strandlengja Norðurlands býður upp á allt árið um kring.

#Þar sem haf mætir landi

Í fjörunni mætast haf og land, með litum fjörusands, grjóts og kletta, auk þess sem hún er stundum þakin rekaviði, þara og skófum.



CMYK 68,30,40,10
RGB 85,140,140
#56898d



CMYK 50,30,45,10
RGB 131,151,136
#839788



CMYK 80,60,45,40
RGB 60,73,89
#3c4959



CMYK 26,30,30,6
RGB 190,177,168
#beb1a8



CMYK 6,10,15,0
RGB 241,231,221
#f1e7dd



AUKALITIR

Aukalitirnir eru sóttir úr litrófinu sem strandlengja Norðurlands býður upp á allt árið um kring.

#Mjúk hula

Þykkt lag mosa, ýmiss konar skófa, grasa og smárunna einkennir liti gróðurs á svæðum nálægt heimskautsbaugi.



CMYK 28,10,70,0
RGB 203,204,102
#cbcc66



CMYK 50,40,70,30
RGB 115,111,78
#736f4e



CMYK 50,30,45,10
RGB 131,151,136
#839788



CMYK 65,55,80,60
RGB 59,57,35
#3b3923



CMYK 20,53,76,40
RGB 152,111,91
#8a5c31



AUKALITIR

Aukalitirnir eru sóttir úr litrófinu sem strandlengja Norðurlands býður upp á allt árið um kring.

#Hlýlegir tónar

Hlýlegir tónar miðnætursólarinnar og haustlita skapa andstæðu við þau kuldalegu hugrenningatengsl sem heimskautasvæðin kalla fram.



CMYK 10,30,100,0
RGB 225,180,27
#e1b41b



CMYK 3,83,85,42
RGB 153,51,26
#99321a



CMYK 0,73,100,17
RGB 205,85,6
#cc5406



CMYK 15,15,60,0
RGB 221,202,125
#ddca7d




CMYK 50,50,60,50
RGB 94,80,63
#5e503f



MYNDEFNI

Kortið er til bæði á íslensku og ensku.

Ef þú vilt nota myndefni fyrir Norðurstrandarleið/ Arctic Coast Way skaltu hafa samband við okkur á: info@arcticcoastway.is




Kort sem sýnir hvernig leiðin liggur um Norðurland.

Skráarheiti
ACW_Map_2021_basic_isl

MYNDEFNI

Kortið er til bæði á íslensku og ensku.

Ef þú vilt nota myndefni fyrir Norðurstrandarleið/ Arctic Coast Way skaltu hafa samband við okkur á: info@arcticcoastway.is




Kort sem sýnir almenningsamgöngur með flugi og ferjum á leiðinni.

Skráarheiti
ACW_Map_basic_2021_transport_isl

MYNDEFNI

Kortið er til bæði á íslensku og ensku.

Ef þú vilt nota myndefni fyrir Norðurstrandarleið/ Arctic Coast Way skaltu hafa samband við okkur á: info@arcticcoastway.is




Kort sem sýnir leiðina eins og hún er yfir vetrartímenn.

MYNDEFNI


Kortið er til bæði á íslensku og ensku.

Ef þú vilt nota myndefni fyrir Norðurstrandarleið/ Arctic Coast Way skaltu hafa samband við okkur á: info@arcticcoastway.is



MYNDEFNI

Ef þú vilt nota myndefni fyrir Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way skaltu hafa samband við okkur á: info@arcticcoastway.is



LETURGERÐ

ÖNNUR LETURGERÐ FYRIR FYRIRSAGNIR

Soho Gothic Pro
Light

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890,-;+#!"%&/()?=

Soho Gothic Pro
Regular

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890,-;+#!"%&/()?=

Segoe Print

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLM-
NOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoópr-
stuúvxyýþæö
1234567890,-;+#!"%&/
(?)=

Soho Gothic Pro
Medium

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚ-
VXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890,-;+#!"%&/()?=

Soho Gothic Pro
Bold

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚ-
VXYÝÞÆÖ
aábdðeéfgghiíjklmnoóprstuúvxyýþæö
1234567890,-;+#!"%&/()?=

LJÓSMYNDIR



LJÓSMYNDIR SEM VEKJA TILFINNINGAR

Myndir sem eru notaðar fyrir Norðurstrandarleið ættu helst að undirstrika gildi og sérkenni vörumerkisins og veita þannig í senn innblástur og vekja tilfinningar hjá áhorfandanum.

GERÐ 1: Töfrar, kyrrð og orka - landslags-myndir

- Sýna landslagið við strandlengjuna allan ársins hring, með áherslu á vor, sumar og haust
- Skapa andrúmsloft töfra, kyrrðar og orku
- Sýna ótrúlegar og kraftmiklar hliðar óspilltrar náttúru
- Fanga töfra ljóss og myrkurs á öllum tímum ársins
- Sýna auðugt dýralíf
- Sýna mannvirki við strandlengjuna, svo sem bæi, bryggjur og fiskitrönur sem hluta af landslaginu
- Sýna dæmigerða vegi sem leiða ferðalanginn út í víðerni utan alfaraleiðar og vekja frelsistilfinningu

GERÐ 2: Tenging - ferðamenn í náttúrunni og með heimamönnum

- Ferðamennirnir falla að landslaginu og eru hvorki ráðandi né truflandi þáttur á myndunum
- Fólkið á myndunum miðlar tilfinningu um hrifningu, tengingu, innblástur, uppfylltar óskir, frelsi og slökun
- Myndirnar eru teknar frá sjónarhorni ferðalangsins svo fólk geti auðveldlega ímyndað sér að það sé sjálft á staðnum
- Myndirnar sýna tengingu og samskipti við heimamenn, helst sem nærmyndir til að vekja viðbrögð
- Myndirnar sýna raunverulegar aðstæður í samræmi við upplifun þess sem er á myndinni, ekki uppstilltar aðstæður eða sjálfsmýndir
- Fólkið á myndunum verður að tengjast markhópunum

Bannað

- Myndir sem sýna ferðamenn við ranga eða hættulega iðju og/eða að nota rangan búnað
- Myndir sem sýna akstur utan vegar og farartæki sem lagt er utan vegar
- Litlir bílar á torfærum vegaslóðum
- Húsbílar sem lagt er utan viðeigandi stæða

Ef þig vantar myndir skaltu hafa samband við okkur til að fá aðgang að myndasafninu fyrir Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way. Ef þú þarft frekari aðstoð við að velja réttar myndir skaltu biðja um verkfærakistuna fyrir upplifunarþróun með því að senda tölvupóst á: info@arcticcoastway.is

GERÐ 1: TÖFRAR, KYRRÐ, ORKA - LANDSLAGSMYNDIR



GERÐ 2: TENGING - FERÐAMENN Í NÁTTÚRUNNI OG MEÐ HEIMAMÖNNUM



8. HLUTI

RADDBLÆR



RADDBLÆR

ORÐALAG

- Skapar ósvikna tilfinningu fyrir því að vera á Norðurstrandarleið
- Endurspeglar sérstöðu vörumerkisins
- Sendir skilaboð sem hæfa markhópum okkar og áherslan á að vera á þá heillandi kosti sem standa gestum okkar til boða
- Talar beint til lesandans, rétt eins og í persónulegu samtali
- Lýsir upplifuninni með sama hætti og þú myndir lýsa henni fyrir vini
- Hefur hlýlegan, afslappaðan og hrífandi blæ án þess að virka tilgerðarlegt eða yfirdrifið
- Hefur hvetjandi blæ, notar sagnir í germynd en ekki þolmynd
- Forðast algenga frasa og miðlar frekar sannri tilfinningu

SLAGORÐIÐ OKKAR FANGAR SÉRKENNI NORÐURSTRANDARLEIÐARINNAR Í FÁUM ORÐUM:

„STAÐUR OG STUND“

Það sem skiptir máli eru ekki kílómetrarnir sem þú leggur að baki, heldur hin óteljandi augnablik sem þú upplifir á ferðalagi þínu um Norðurstrandarleið. Ekki bara allir frægu hápunktarnir sem þú kemst yfir, heldur allt það óvænta og undrin sem þú upplifir þar á milli. Ekki bara að aka um landslag sem virðist vera af öðrum heimi, heldur að kynnast náttúrunni, heimamönnum og lífsháttum sem eru frábrugðnir þínum eigin. Að safna minningum fyrir lífið.

RADDBLÆR

Orð skapa hugrenningatengsl og orðalagið sem við notum skiptir því jafnmiklu máli og myndmálið þegar við miðlum upplýsingum um Norðurstrandarleið. Málsnið vörumerkisins er jafn sérstakt og myndmál þess og kemur oft í staðinn þegar ekki er hægt að tala við gesti augliti til auglits!

NORÐURSTRANDARLEIÐ:

ER EKTA:

- Orðavalið á að vera laust við ýkjur, því fegurð og sérstaða svæðisins talar sínu máli.
- Orðavalið á að vera laust við alla tilgerð og reyna frekar að gefa raunverulega tilfinningu fyrir svæðinu í tengslum við daglegt líf, menningu, hlýjar móttökur og sannar frásagnir

ER ÆVINTÝRALEG:

- Orðavalið á að hvetja ferðamanninn til að kanna svæðið með því að fara út fyrir alfaraleið
- Orðavalið á að hvetja til skyndiákvæðana í takt við kraftinn í óspilltri náttúrunni og gang tímans á afskekktari svæðum
- Orðavalið á að hvetja ferðamanninn til að fylla daginn af eftirminnilegum upplifunum í gönguferðum, hvalaskoðun, hestaferðum og fjölmörgu fleira

KEMUR Á ÓVART:

- Orðavalið á að gefa enn sterkari tilfinningu fyrir því að vænta megi þess óvænta, þar sem hver beygja býður upp á nýtt útsýni, hver dagur upp á mismunandi veður og hver árstíð upp á nýtt ferðalag
- Orðavalið á að hvetja ferðamanninn til að njóta hvers töfrandi augnabliks sem gefst þegar ferðast er á milli vinsælustu ferðamannastaðanna

TEKUR VEL Á MÓTI GESTUM:

- Orðavalið á að hafa á sér blæ hefðbundinnar gestrisni sem hefur ekki glatað hlýleika sínum og hjálpssemi í amstri nútímans
- Orðavalið á að undirstrika að á Norðurlandi gefst enn tími til að tengjast fólki og hlusta á sögurnar sem það hefur að segja

LISTI YFIR LYKILORÐ

Eftirfarandi er listi yfir orð sem eru mikilvæg fyrir vörumerkið Norðurstrandarleið. Þau ætti að alltaf að nota á sama hátt í íslensku og ensku til að styðja við auðkenningu vörumerkisins.

Arctic Coast Way	Norðurstrandarleið	Coast of Sagas and Mythology	Strönd íslendingasagna og goðafræði
Measured by moments	Staður og stund	Coast of Fishing Towns and Heritage	Strönd sjávarþorpa og sterkrar
Experience	Upplifun		arfleifðar
Experience development	Þróun upplifana	Coast of Elemental Nature	Strönd óspilltrar náttúru
Experience themes	Þemu upplifana	Points of Interest	Áhugaverðir staðir
By the Arctic Circle	Við heimskautsbaug	Midnight sun viewpoints	Útsýnisstaður fyrir miðnætursól
Active Outdoors	Útivist og útilíf	Northern lights viewpoints	Útsýnisstaður fyrir norðurljós
Arctic Wildlife	Dýralíf við heimskautsbaug	Accessible beaches	Aðgengilegar fjörur
Coastal Culture & Food	Strandmenning og matur	Reachable lighthouses	Aðgengilegir vitar
Hero Experiences	Hetjuupplifanir	Sea rock formations	Klettadrangar í sjó
Off-the-beaten-path	Utan alfaraleiðar	Rest areas	Áningarstaðir
Travel sections	Áfangaskipting		

**Ef óskað er frekari upplýsinga um vörumerkið
Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way skal hafa
samband við okkur:**

**Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way
Markaðsstofa Norðurlands
info@arcticcoastway.is**

